

Þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðs fólks

Reglur

Þjónustusvæðis Suðurlands um málefni fatlaðs fólks um afgreiðslu umsókna um skammtí mavistun og verklag

1. gr.

Markmið

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum segir að forráðamenn/aðstandendur fatlaðra einstaklinga skuli eiga möguleika á skammtí mavistun þegar þörf er á vegna álags og/eða til tilbreytingar. Markmið þjónustunnar er að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra einstaklinga og auka þannig möguleika á að viðkomandi geti búið sem lengst hjá fjölskyldu sinni. Eins er markmið þjónustunnar að veita tilbreytingu eða undirbúa flutning úr heimahúsum. Í skammtí mavistun skal veitt umönnun og þjálfun þar sem það á við.

2. gr.

Skipulag

Skipulag skammtí mavistunar er með þeim hætti að ákveðið er fyrirfram hvernig þjónustu er háttað á ákveðnum tímabilum. Tímabilin sem um ræðir eru: janúar til maí, júní til ágúst og september til desember.

Skammtí mavistun getur verið tvenns konar:

- a) Reglubundin dvöl samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun.
- b) Bráðavistun samkvæmt ákvörðun sem tekin er hverju sinni til að létta álagi af fjölskyldum og er ávallt háð aðstæðum í skammtí mavistun hverju sinni. Bráðavistun getur komið til vegna veikinda, andláts eða annarra erfiðra aðstæðna hjá fjölskyldunni. Ferðalög og leyfi eru ekki álitin tilefni til bráðavistunar.

Skammtí mavistun er lokuð í nokkrar vikur yfir sumartímann. Sumarlokanir skulu liggja fyrir við árslok árið á undan. Einnig er skammtí mavistun lokuð á lögbundnum frídögum.

Þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðs fólks

3. gr.

Réttur til þjónustu

Einstaklingur með andlega eða líkamlega fötlun sem þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings á rétt á þjónustu skammtímvistunar samkvæmt 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

4. gr.

Umsóknarferli, mat og afgreiðsla

Sótt er um þjónustu á þartil gerðum eyðublöðum hjá félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi á lögheimili í. Umsóknareyðublað má nálgast á skrifstofum félagsþjónustunnar og á heimasíðum þeirra. Ráðgjafi félagsþjónustunnar boðar umsækjanda og eftir atvikum forráðamann/aðstandanda hans í viðtal eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsókn barst.

Fagteymi þjónusturáðs Suðurlands metur þörf fyrir þjónustu og tekur ákvörðun um veitingu hennar í samráði við forstöðumann skammtímvistunar. Ákvörðun um dvalartíma er einstaklingsmiðuð þar sem litið er til fötlunar, umfangs umönnunar, aldurs umsækjanda, fjölskylduaðstæðna og annarrar þjónustu sem viðkomandi nýtur. Þegar umsókn um bráðavistun berst, skal kalla fagteymið saman ásamt forstöðumanni skammtímvistunar.

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu frá félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi á lögheimili í innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst. Fylgja skal rökstuðningur ef umsókninni er synjað. Afrit af umsókninni og afgreiðslubrèfinu skal sent forstöðumanni skammtímvistunar.

Sé óskað eftir breytingu á þjónustu, skal sækja um það sérstaklega hjá félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi á lögheimili í.

Þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðs fólks

5. gr.

Framkvæmd þjónustu

Þegar umsókn hefur verið samþykkt, hefur forstöðumaður skammtímvistunar samband við umsækjanda og eftir atvikum forráðamann/aðstandanda og boðar þau á fund. Tilgangur fundarins er að undirbúa væntanlega dvöl þar sem farið er yfir skipulag þjónustu og aflað er hagnýtra upplýsinga um umsækjandann.

6. gr.

Yfirlit yfir biðlista

Fagteymið hefur yfirlit yfir þjónustu og biðlista og fær forstöðumaður skammtímvistunar afrit af biðlistanum.

7. gr.

Niðurstaða synjunar og málskot

Sé umsókn um skammtímvistun hafnað, skal umsækjandi og forráðamaður, ef við á, fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar. Afgreiðslu fagteymis er hægt að áfrýja til félagsmála-/velferðarnefndar viðkomandi sveitarfélags. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda berst vitneskja um ákvörðun fagteymis.

8. gr.

Heimildir til ákvarðana skv. reglum þessum

Forstöðumaður skammtímvistunar og fagteymi þjónusturáðs Suðurlands taka ákvarðanir skv. reglum þessum í umboði þjónusturáðs Suðurlands.

9. gr.

Birting og endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðs fólks

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. 2. mgr. 5. gr., sbr. 22. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Reglur þessar voru samþykktar af Þjónusturáði Suðurlands þann 14.01.2015 og Stjórn Þjónustusvæðis þann 27. Janúar 2015.